

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.09.2016
Málalýkill	0010.1
Mál nr.	1609411

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Félagsmálastjóri
Garðatorg 7
220 Garðabæ

Reykjavík 27. september 2016

Efni: Fyrirspurn um heimild til að veita heyrnarlausum, heyrnarskertum og dauflindum Garðabæingum túlkun í tómstundar -og menningarviðburðum vegna ársins 2017

Við förum þess á leit við Garðabæ að veita heyrnarlausum, heyrnarskertum og dauflindum, túlkun í tómstundar -og menningarstarfi á komandi ári vegna þátttöku þeirra í menningar og frístundastarfi í Garðabæ og Álftanesi.

Í Garðabæ búa nokkrir einstaklingar sem nota túlkabjónustu að staðaldri. Að þessu sinni óskum við eftir 100.000 króna styrk fyrir túlkun í menningar -og tómstundastarfi árið 2017.

Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra veitir túlkabjónustu gegn gjaldi skv.gjaldskrá nr. 444 6. maí 2013


Táknmálstúlkun er nauðsynleg forsenda þess að heyrnarlaustrir, heyrnarskertir og dauflindir einstaklingar geti tekið þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61, 7. júní 2011. 13. gr. segir um skyldur ríkis og sveitarfélaga að þau skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á bjónustu á íslensku táknmáli og að íslenskt táknmál sé jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

Heyrnarlausum/dauflindum er almennt tryggður réttur til túlkabjónustu þegar kemur að opinberri bjónustu sem veitt er á grundvelli opinbers réttar. Þegar kemur að bjónustu sem veitt er af einkaaðilum eða öðru starfi sem er á grundvelli einkaréttar er réttastaða heyrnarlaustra/dauflindra ekki tryggð. Þetta á við td. um ýmsa menningarstarfsemi, starfsemi íþróttar og æskulýðsfélaga ofl. Aðgengi heyrnarlaustra/dauflindra að þessum vettvangi er aðeins möguleg með milligöngu táknmálstúlks. Með því að tryggja fjármagn (sjóð) sem heyrnarlaustrir/dauflindir geta leitað til vegna kostnaðar við túlkabjónustu er komið á móts við möguleika þeirra til þátttöku í samfélaginu. Áætlað er að túlka 10 tíma fyrir styrkinn á árinu 2017

Síðastliðin ár hefur Reykjavíkurborg ásamt nokkrum öðrum sveitarfélögum greitt túlkun fyrir heyrnarlaustra borgarbúa á þessu sviði.

Með ósk um gott samstarf,


Fanney Ingólfssdóttir
deildarstjóri túlkabjónustu

